

Kórstarf á vegum Félags eldri borgara í Hveragerði

Tekið saman vegna 30 ára afmælis félagsins 2013 og tíu ára afmælis Hverafugla 2012

Í fundargerð stjórnarfundar FEBH 31. október 2000 stendur:

„Stofnaður blandaður kór undir stjórn nefndar sem í eru Pétur Þórðarson, Ragnheiður Busk, Gunnar Davíðsson og stjórnandi er Björg Hilmisdóttir.“

Eftir því sem best er vitað kom þessi kór aldrei fram opinberlega, og virðist hafa lognast út af. Betur tókst til tveimur árum seinna þegar aftur var ráðist í að stofna kór.

Æfingar kórs Eldri borgara í Hveragerði hófust árið 2002 undir stjórn Kristínar Sigfúsdóttur og var hann kallaður Litli sönghópurinn.

Á fyrstu æfingu mættu 8 manns, 2 í bassa, 1 í tenór, 2 í alt og 3 í sópran, en fljótlega fjölgaði í kórnum. Til er ljósmynd af kórnum á jólagleði 2002, sem hefur trúlega verið fyrsta opinbera framkoma hans. Á myndinni eru Ásdís Dagbjartsdóttir, Borghildur Traustadóttir, Ásgerður Sigbjörnsdóttir, Tómas Antonsson, Magnús Guðmundsson, Auður Guðbrandsdóttir, Eiríkur Hlöðversson, Kristín Stefánsdóttir, Ragnheiður Busk, Rannveig Hjálmarsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir. Í dag, á tíu ára afmælinu, eru enn í kórnum 4 af stofnendum hans, það er að segja Ásdís, Tómas, Auður og Kristín Jóhannesdóttir.

Í upphafi söng kórinn mest á samkomum og fundum hjá félaginu, þá var farið einu sinni í mánuði upp á Ás Hjúkrunarheimili að syngja fyrir fólkið sem hafði mjög gaman af og sumir sungu með af mikilli gleði.

Einnig var sungið á Dvalarheimilinu Kumbaravogi og fleiri hliðstæðum stofnunum allt frá Rangárþingi til Kjalarness. Þegar okkur óx kjarkur og þor fórum við að bjóða kórum heim og þeir að bjóða okkur til sín.

Færeyjaferð var farin vorið 2007 en fyrir hana var einróma samþykkt að Litli sönghópurinn hlyti nafnið Hverafuglar. Í ferðinni söng kórinn á elliheimili í Runavík og í Friðrikskirkju í Tóftum ásamt heimakirkjukór. Með okkur fóru Kristín söngstjóri og Hilmar Örn Agnarsson undirleikari.

2008 komu eldri félagar úr Karlakórnum Þröstum og sungu með Hverafuglum í Hveragerðiskirkju.

Í byrjun árs 2009 fóru Hverafuglar í söngferðalag til Reykjavíkur, í Stangarhyl þar sem kór Félags eldri borgara í Reykjavík tók á móti hópnum. Hverafuglar sungu um haustið í Þorlákshöfn.

Árið 2010 kom í heimsókn til okkar eldri borgara kór frá Förde í Noregi, þar á kórinn heimboð, sem gaman væri að þiggja.

Á haustdögum 2012 héldu Hverafuglar upp á 10 ára afmæli sitt og buðu öllum núverandi og fyrrverandi söngstjórum með sína kóra til tónleika í Hveragerðiskirkju.

Þetta var mjög vel heppnuð skemmtun og allir lögðu fram sitt og sína kóra á tónleikunum. Þarna voru saman komnir 6 kórar með um 150-170 söngmönnum og var aldursmunurinn liðlega 80 ár á yngsta og elsta meðlim kóranna. Kirkjan var þéttsetin tónleikagestum og kórafólk skiptist á sætum en hraustustu karlakórsmenn stóðu mestan tímann. Á eftir var haldið á Hótel Örk og drukkið veislukaffi, tónleikagestir fjölmenntu einnig með kórnum þangað og hlýddu með okkur á flutning ýmissa skemmtiatriða.

Hverafuglar hafa boðið til sín og verið boðnir til nokkurra kóra á síðustu árum og hafa það verið einkar ánægjulegar samkomur hvort sem við höfum verið að koma saman og eða að syngja í kirkjunni okkar hér eða hjá kórnum sem við höfum verið að heimsækja.

Mikið samband hefur verið við Hringinn kór eldri borgara í Rangárvallasýslu, og Glæðurnar kór kvenfélagsins í Bústaðakirkju. Einnig höfum við fengið heimsókn Tóna og trix, kórsins í Þorlákshöfn, heimsótt kór eldri borgara í Vídalínskirkju, með Gróu Hreinsdóttur heimsóttum við kórinn hennar að Vesturgötu 7 og sungum þar með þeim. Nokkra fleiri kóra höfum við verið í sambandi við en nú síðast komu á ferð sinni um Suðurland og kom á Hótel Örk, kór eldri borgara á Akureyri „Í fínu formi“ þangað fóru Hverafuglar og sungu með þeim við stjórn og undirleik stjórnenda þeirra en Örlygur stjórnandi okkar var upptekinn í öðru.

Nú á síðustu árum hefur kórinn sungið á jólafundum félagsins okkar, á þorrablótum og á vorfögnuðum félagsins. Viðburðir sem kórinn hefur staðið fyrir og eða tekið þátt í aðrir en framantaldir hafa verið svona 3-4, bæði fyrir og eftir áramót flest síðustu ár, þannig að kórinn hefur komið fram 8-10 sinnum á ári að undanfögnu.

Síðastliðinn vetur var í fyrsta skipti haldin kvöldvaka Hverafugla fyrir okkur og

okkar betri helminga. Fjórir kórmeðlimir sáum um undirbúning, skipulagningu alla og framkvæmd kvöldvökkunnar. Þetta var í einu orði sagt frábær skemmtun sem endaði á klst. löngu balli, þar sem Trío Tolla lék en tríóið var skipað félögum úr kórnum, söngstjóra og áhangendum kórsins.

Fastar æfingar kórsins hafa verið einu sinni í viku, fyrst 1,5 klst. hverju sinni en 2 klst. nú síðastliðinn vetur. Kórfélagar hafa verið á síðustu árum 25-30 manns og mætti þeim fjölga svolítið. Söngurinn gefur okkur öllum mikið og samveran einnig.

Hverafuglar hafa frá upphafi haft 4 söngstjóra.

Frá árinu 2002 var það Kristín Sigfúsdóttir en árið 2009 tók Heiða M. Guðmundsdóttir við stjórn kórsins og undirleikari með henni var Björg Hilmisdóttir. Í janúar 2011 tók Gróa Hreinsdóttir við stjórn kórsins og núverandi stjórnandi Hverafugla er Örlygur Atli Guðmundsson, hann tók við stjórn kórsins á haustdögum 2012.

Frá stofnun kórsins 2002 voru í óformlegri stjórn þær Auður Guðbrandsdóttir og Ásdís Dagbjartsdóttir.

Fyrsta formlega stjórn Hverafugla var kosin af kórfélögum þann 27. febrúar 2008. Hana skipuðu : Ásdís Dagbjartsdóttir, Bjarni Sæberg og Edda Þorkelsdóttir.

2011 var stjórn Hverafugla skipuð þeim: Eddu Þorkelsdóttur sem er formaður, Bjarna Sæberg, Auði Guðbrandsdóttur. og Ragnheiði Þorgilsdóttur

2012 í maí er stjórn Hverafugla skipuð 5 stjórnarmönnum, stjórnin skiptir með sér verkum en stjórnina skipa: Auður Guðbrandsdóttir, Bjarni Sæberg Þórarinsson, Ragnheiður Þorgilsdóttir, Sigurjón Guðbjörnsson og Sæunn Freydís Grímsdóttir. Stjórnarmenn eru allir formenn að hætti Hljómlistafélags Hveragerðis.

Samantekt: Sæunn Freydís Grímsdóttir

Viðbætur: Jóhann Gunnarsson